

|            |                           |
|------------|---------------------------|
| Tillaga    | A 2034/UVN                |
| Flytjandi  | Flokkahópur jafnaðarmanna |
| Afgreiðsla | Norræna velferðarnefndin  |

## A 2034/UVN Þingmannatillaga um samræmdar norrænar aðgerðir til að bæta geðheilsu barna og ungmenna, með áherslu á skólastarf og vernd í rafrænum heimi

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- að hún komi á norrænu samstarfi um að afla, bera saman og þróa vitneskju um geðheilsu barna og ungmenna, með sérstakri áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir í skólastarfi og stuðningi við börn og ungmenni með taugasálfræðilega hömlun (NPF),
- að hún fylgi eftir og meti fyrri aðgerðir og ákvarðanir í Norðurlandaráði um geðræn vandamál ungs fólks, þar með talið markmiðið um núllþol gagnvart sjálfsvígum barna og ungmenna,
- að hún efli samstarf Norðurlanda um að setja reglur um stafræna vettvanga, þar með talið aldursvottun og ábyrgð á algrími, í þeim tilgangi að vernda ólögráða börn gegn skaðlegu efni sem á þátt í að valda geðrænum vandamálum og
- að hún beiti sér fyrir samnorrænum aðgerðum til að hefta aðgang barna og ungmenna að klámefni á netinu með kröfum um virka aldursvottun, eftirliti með þjónustuveitendum stafrænna vettvanga og samhæfingu við yfirstandandi reglusmið í Evrópu.

### Bakgrunnur

Geðræn vandamál barna og ungmenna eru meðal mestu lýðheilsulegra áskorana samtímans á Norðurlöndum. Skólinn gegnir lykilhlutverki í fyrirbyggjandi starfi þar sem skólabörn eiga í mörgum tilvikum við mikla streitu og ófullnægjandi stuðning að glíma. Stúlkur kvarta oft um geðrænan vanda á borð við streitu, kvíða og depurð en piltar, en þeir sýna í ríkara mæli af sér úthverft atferlismynstur og eiga á hættu að mistakast í skóla.

Börn og ungmenni með taugasálfræðilega hömlun eru hlutfallslega fleiri en aðrir hópar meðal þeirra sem ekki ná hæfniviðmiðum í skóla og þróa með sér geðrænan vanda síðar



á lífsleiðinni. Takist skólanum ekki að aðlaga kennsluna og stuðningsaðgerðir eiga nemendurnir á hættu að lenda í langvarandi fjarveru úr skóla og félagslegri útilokun. Rannsóknir sýna skýr tengsl milli slæmrar skólasóknar, lakra einkunna og aukinnar hættu á geðröskun þegar fram líða stundir.

Til eru sannprófaðar aðferðir til að efla heilbrigði nemenda í skóla og veita þeim sem eru hrjáð af NPF betri stuðning. Þessum aðferðum er þó ekki beitt kerfisbundið í norrænu löndunum. Samnorrænn þekkingargrunnur gerði kleift að miðla góðum dæmum, draga úr mun á skipulagi og dýpka samvinnu skólayfirvalda, rannsókna og verklegra greina. Hafa ber í hug að stafræn umskipti hafa gerbreytt daglegu lífi barna og ungmenna. Samfélagsmiðlar og stafrænir vettvangar hafa áhrif á sjálfsmynd þeirra, tengsl við aðra og vellíðan. Algrími geta ýtt undir samanburð, leitt til ávanabindingar og komið ungmönnum í snertingu við efni sem eykur hættuna á geðrænum vanda. Greiður aðgangur að alls kyns klámefni og það á unga aldri er sérstaklega alvarlegt vandamál og getur haft áhrif á andlega heilsu ungs fólks, sýn þess á sambönd, kynlíf og samþykki. Í þessu efni viljum við að hugað verði sérstaklega að þeirri þingmannatillögu sem nefndin lagði eitt sinn fram um að takmarka aðgang barna og ungmenna að klámi:

<https://www.norden.org/is/case/thingmannatillaga-um-ad-draga-ur-adgangi-barna-og-ungmenna-ad-klami-i-samfelaginu>

Norðurlönd þurfa sameiginlega að axla ábyrgð á því að leysa þennan vanda. Löndin geta tæplega haft áhrif á alþjóðlega þjónustuveitendur á netinu hvert fyrir sig, en sameinuð gætu Norðurlönd beitt sér svo eftir yrði tekið fyrir skýrari reglum, virkri aldursvottun og réttindum barna í rafrænum heimi. Slíkt framtak þyrfti að endurspeglar reglur Evrópusambandsins en einnig norræn gildi um jafnrétti, öryggi og réttindi barna.

Norðurlandaráð hefur áður ákveðið að draga skuli verulega úr sjálfsvígum og að ekkert barn eða ungmenni eigi að þurfa að vera í sjálfsvígshættu. Þessi markmið eiga áfram að vísa veginn. Geðheilbrigði er grundvallarforsenda menntunar, þátttöku og trúar á framtíðina og þar með norræns samfélagsmódel.

Jafngildir það að vernda geðheilsu barna og ungmenna því að taka ábyrgð á framtíð Norðurlanda. Norðurlönd skipa sér áfram í fylkingarbrjóst á sviði velferðar, jafnréttis og almannaöryggis lánist þeim að samhæfa sig, auka þekkingu sína og efla varnirnar í rafrænu umhverfi.

#### Ítarefni:

<https://www.gu.se/nyheter/rapport-om-unga-mans-psykiska-ohalsa-i-norden>

[https://www.norden.org/sites/default/files/2023-03/A%201940\\_UVN\\_IS.pdf](https://www.norden.org/sites/default/files/2023-03/A%201940_UVN_IS.pdf)



<https://www.regeringen.se/contentassets/f805a24c466e49a79736400bbc92f0ed/forslag-till-gemensamt-uttalande-om-skarmtidens-paverkan-for-barn-och-ungas-halsa-och-valmaende.pdf>

[https://nordicwelfare.org/nyheter/nordiskt-samarbete-for-en-trygg-digital-uppvaxt/2022-Norden-har-brug-for-en-styrket-psykiatri-for-born-og-unge-|UNR](https://nordicwelfare.org/nyheter/nordiskt-samarbete-for-en-trygg-digital-uppvaxt/2022-Norden-har-brug-for-en-styrket-psykiatri-for-born-og-unge-|-UNR)

Hróarskeldu, 23. febrúar 2026

*Bente Estil (A)*

*Dagbjört Hákonardóttir (Sf)*

*Eva Lindh (S)*

*Guðmundur Ari Sigurjónsson (Sf)*

*Gunilla Carlsson (S)*

*Henrik Møller (S)*

*Jani Kokko (sd)*

*Johan Andersson (S)*

*Kari Baadstrand Sandnes (A)*

*Karin Gaardsted (S)*

*Kim Aas (S)*

*Kim Berg (sd)*

*Kristine Løfshus Solli (A)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Mats Wiking (S)*

*Nina Fellman (ÅSD)*

*Per Husted (S)*

*Ronny Aukrust (A)*

*Tom Einar Karlsen (S)*

*Truls Vasvik (A)*

*Åsa Karlsson (S)*